

Fyrsti fundur haldinn að Breiðabliki fimmtudaginn 12. janúar 2017 kl. 20:30

Mættir: Eggert Kjartansson, Atli Svansson, Gísli Guðmundsson, Halldór Jónsson og Katrín Gísladóttir sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Samantekt og yfirlit yfir útköll slökkviliðs Borgarbyggðar árið 2016. **Lögð fram.**
2. Brunaslöngur og reykskynjarar í Eyja- og Miklaholtshrepp. **Samþykkt að fara í átak og setja brunaslöngur á þeim lögheimilum sem vantar.**
3. Lagður fram undirskriftarlisti frá íbúum um bætt brunamál í sveitarfélaginu. **Lagður fram og kynntur.**
4. Drög að stofnsamning Byggðasamlags Snæfellinga bs. **Samþykkt samhljóða.**
5. Bréf dagsett 14. Desember 2016 frá Karl Ormsyni og Sigrúnu Karlsdóttur og varðar beiðni um framlengingu afnotasamnings vegna lóðar á Laxárþakka. **Oddvita falið að skoða málið.**
6. Aðalskipulag Snæfellsbæjar, umsögn. **Samþykkt með fyrirvara um landamerki milli sveitarfélaganna.**
7. Breyting á aðalskipulagi Borgarbyggðar, umsögn. **Samþykkt án athugasemda.**
8. Skýrsla Menntamálasstofnunar vegna ytra mats á Laugargerðisskóla. **Hreppsnefnd lýsir yfir ánægju sinni með þá góðu útkomu sem kemur út úr ytra mati á Laugargerðisskóla og leikskóladeildinni. Skólinn er að fá í heildina mjög góða einkunn og þrátt fyrir fámenni næst að bjóða upp á lögbundið val fyrir nemendur með því m.a að vera með mikið samstarf við aðra skóla, þannig næst mjög vel líka að koma til móts við félagsþáttinn hjá nemendum og einnig er sérstaklega til tekið hversu vel er staðið að fræðslu 5 ára barnaleikskóladeildarinnar. Íbúar eru hvattir til að kynna sér skýrsluna á heimasíðu sveitarfélagsins og skólans.**

Mál í vinnslu:

9. Verkefnið betri plön og ljósastaurar. **Farið yfir umsóknir og þær samþykktar.**
10. Breiðablik – gestastofa, næstu skref. **Ákveðinn íbúafundur 27. janúar kl, 14:00**
11. Íbúðir í Laugargerðisskóla – útleiga. **Oddvita heimilt að leigja út íbúðir sem losna í Laugargerðisskóla.**

Lagt fram til kynningar:

12. Fundargerðir Svæðisgarða Snæfellsnes
13. Fundargerð framkvæmdaráðs frá 15. Desember 2016
14. Fundargerð 845 sambands íslenskra sveitarfélaga
15. Opinber fundargerð 163 fundar félagsm snæfellinga
16. 140 fundur heilbrigðisnefndar Vesturlands

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplesin og samþykkt.

Katrín Gísladóttir (sign)
Atli Sveinn Svansson 8 sign)
Halldór Jónsson (sign)
Gísli Guðmundsson (sign)
Eggert Kjartansson (sign)